

**Borgarstjórn**  
**16. október 2018**

### **Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um skipun áheyrnarfulltrúa í stjórn Félagsbústaða**

Lagt er til að Reykjavíkurborg sem eigandi Félagsbústaða, boði til félagsfundar í Félagsbústöðum og breyti þá samþykktum þess þannig að tveir fulltrúar frá félagi leigjenda hjá Félagsbústöðum fái sæti í stjórn Félagsbústaða. Lagt er til að þeir fulltrúar hefji stjórnarsetu sína sem áheyrnarfulltrúar með tillögurétt og málfrelsi. Ef vel gengur er lagt til að þeir fulltrúar verði gerðir að fullgildum stjórnarmeðlimum að ári liðnu. Því er lagt til að stjórnarsamþykktum Félagsbústaða verði breytt og verði svohljóðandi: Stjórn félagsins er skipuð þremur aðilum en ekki er skipuð varastjórn. Stjórn er kjörin á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Tilnefningar til stjórnarsetu koma frá eiganda félagsins, Reykjavíkurborg. Stjórnin kýs sér formann og varaformann og skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum. Þar að auki sitja í stjórninni tveir áheyrnarfulltrúar frá félagi leigjenda hjá Félagsbústöðum, kjörnir til eins árs í senn á félagsfundi. Tilnefningar um áheyrnarfulltrúa koma frá félagi leigjenda hjá Félagsbústöðum.

#### **Greinargerð:**

Félag leigjenda hjá Félagsbústöðum eru nýstofnuð samtök sem leitast við að gæta hagsmuna leigjenda innan Félagsbústaða. Formaður félagsins hefur greint frá því að leigjendur innan Félagsbústaða upplifi oft sömu vandamálin í samskiptum sínum við Félagsbústaði. Þá hefur einnig verið greint frá því að félag þetta sameini raddir leigjenda hjá Félagsbústöðum. Til að þjónusta Félagsbústaða sé sniðin sem best að hagsmunum leigjenda þarf að tryggja að þarfir og væntingar þeirra komi milliliðalaust á borð stjórnarinnar. Með innsýn sinni og þekkingu, getur félag leigjenda hjá Félagsbústöðum komið mikilvægum sjónarmiðum inn í stjórn og rekstur Félagsbústaða, öllum til bóta.